

## Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 23. október 2014, kl. 14-16.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Jón Torfi Jónasson, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Sólrún Harðardóttir. Gunnar Gíslason og Ársæll Guðmundsson boðuðu forföll.

1. Vinnuhópar fara af stað
2. *Litla ráðstefnan* sem KÍ hefur haft forgöngu um
3. Plagg Jóns Torfa (sjá viðhengi)
4. Samvinna við Námsmatsstofnun
5. Undirbúningur fyrir næsta fagráðsfund sem áætlaður er 11. 11.
6. Önnur mál

Sigurjón setti fundinn.

### Vinnuhópar

Vinnuhópar þeir sem ákveðið var að stofna á síðasta fagráðsfundi eru nú mannaðir og fundir verða í þessum hópum í næstu viku.

Hópur sem vinnur úr efni ráðstefnunnar: Guðmundur Engilbertsson, Klara E. Finnbogadóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir og Björg Pétursdóttir.

Hópur sem vinnur með skýrslu um greiningu á sjóðaumhverfi: Klara E. Finnbogadóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir og Ársæll Guðmundsson.

Skerpt var á tilgangi með vinnu þessara hópa og hvað ætti að koma út úr þeim.

Rætt var um að hópar skiluðu af sér fyrir jól en gæfu jafnframt skýrslu um stöðu mála á fagráðsfundi í nóvember.

Ritnefnd upplýsingaveitu (sem líta má á sem vinnuhóp) fundaði í morgun. Starfsmaður er bjartsýnn á að með fremur litlum lagfæringum geti upplýsingaveitan komist almennilega af stað. Ritnefndin óskar eftir að fá að ræða við fagráðið um ákveðin atriði varðandi upplýsingaveituna fljótlega.

### „Litla ráðstefnan“ sem KÍ hefur haft forgöngu um

Aðalheiður sagði frá undirbúningi ráðstefnunnar hvað varðar tilhögun og viðfangsefni. Vel var brugðist við og nokkrar ábendingar komu fram. Sólrún og Aðalheiður vinna áfram að undirbúningi. Endanleg tímasetning er ekki komin en líklegt er að ráðstefnan verði haldin í vikunni sem hefst 16. nóvember.

### Plagg Jóns Torfa

Skjalið *Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar – hugmyndir JTJ* hefur áður komið fyrir augu okkar en ekki fengið formlega umræðu. Jón Torfi fylgdi skjalinu úr hlaði. Skjalið skiptist í þrjá meginkafla: 1) Inngangur, 2) Rök fyrir starfsþróun og 3) Afstaða hagsmunaaðila og spurningar til þeirra. Líta má á kafla og

undirkafla sem kafla í vefriti. Þá má vinna sjálfstætt og ekki í sérstakri röð. Plaggið er kjörið hjálpargagn í verkefni fagráðsins í stefnumótun. Hugsuðu sér einn kafla í viðbót, þ.e. 4. kaflann þar sem birtust niðurstöður, skilgreind svið sem fagráðið gerir tillögur um eða sjálf stefna fagráðsins.

Lagt var til að skjalið yrði sérstaklega kynnt í fagráði og þar væri leitað eftir umboði til að stýrihópur gengi frá spurningum til hagsmunaaðila (3. kafla). Eins væri gott ef fagráðsfulltrúar tækju þátt í vinnu við 1. og 2. kafla.

### **Samvinna við Námsmatsstofnun**

Sagt stuttlega frá fundi í Hannesarholti, 8. október sl. Fagráðið er áhugasamt um að taka þátt í frekari fundum Námsmatsstofnunar og eins að vera í samskiptum varðandi fleiri atriði. Fyrirhugaður er fundur Arnórs, Sigurjóns og Sólrúnar þar sem samvinnan verður betur formgerð.

### **Undirbúningur fyrir næsta fagráðsfund sem áætlaður er 11. 11.**

Dagskrárliðir fundarins verði þessir:

Stutt umræða um skjalið: *Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar*. Sjá hér að framan.

Vinnuhópar um sjóðaskýrslu og ráðstefnuna gefa skýrslu um vinnu sína. Sjá hér að framan.

Framlag frá starfsfólki Námsmatsstofnunar: Ragnari Ólafssyni um TALIS, Almari M. Halldórssyni um PISA og Þóru Björk Jónsdóttur um ytra mat á skólum. Gott væri að fá frá þeim hnitmiðuð erindi (ca 20 mín frá hverju) sem sérstaklega er hugsuð til kynningar fyrir fagráðið. Í framhaldi skipulögð umræða í hópum.

### **Önnur mál**

Tillaga kom fram um að stýrihópur beindi því til ráðherra, eða hlutaðeigandi aðila í menntamálaráðuneytinu, að það fengi formlegt hlutverk í hvítbókarvinnu og stefnumótun stjórnvalda hvað varðar starfsþróun kennara.

Minnt var á það verkefni fagráðs að skoða þarfir fyrir símenntun og starfsþróun. Í því samhengi var rætt um að mikilvægt væri að hafa verkefnalistann við höndina á fundum fagráðs og stýrihóps.

*Sólrún Harðardóttir fundarritari*